



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Lárus M. K. Ólafsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júní 2006
Tilvísun: 2006050028
Bréfalykill: 50.15
Verknúmer: 1241000

Efni: Tilskipun 2005/85/EC.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dags. 17. maí 2006, þar sem óskað er eftir athugasemdum um þær breytingar sem gera þurfi á einstökum ákvæðum laga og reglugerða við innleiðingu tilskipunar 2005/85/EC um aðgerðir til að tryggja öryggi í orkuöflun og fjárfestingum í flutningi og dreifingu raforku.

Orkustofnun hefur yfirfarið framangreinda tilskipun með tilliti til gildandi laga. Stofnunin bendir á að tilskipunin á ekki að öllu leyti við héraendis, þar sem hún fjallar talsvert um flutning raforku milli landa.

Í tilskipuninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar raforku. Orkustofnun leggur í því sambandi áherslu á nauðsyn þess að stjórvöld marki heildarstefnu um nýtingu orkulinda með hliðsjón af spá um raforkuþörf, sbr. 5. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga. Til að tryggja lagagrundvöll slíkrar stefnumörkunar kann að þurfa að gera breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í tilskipuninni er einnig lögð áhersla á mikilvægi heildsölumarkaðar fyrir raforku. Orkustofnun er kunnugt um áhuga Landsnets á að koma á slíkum markaði í samræmi við heimild í 5. mgr. 8. gr. raforkulaga.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir